



12. júlí 2023
Tilv.: 2305150

Númer: 32/2023

Dreifibréf til aðila á fjármálamarkaði, fjármálaráðgjafa, lífeyrissjóða sem veita lágmarkstryggingavernd og annarra er málið varðar.

Efni: Ný lög um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar

Alþingi samþykkti nýverið lög nr. 25/2023 um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar og tóku þau gildi 1. júní síðastliðinn. Með 2. gr. laganna eru lögfest ákvæði reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2088 um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu (SFDR-reglugerðin) og (ESB) 2020/852 um að koma á ramma til að greiða fyrir sjálfbærri fjárfestingu (Taxonomy-reglugerðin). Samkvæmt lögnum er ráðherra falið að setja reglugerð um nánari framkvæmd Taxonomy-reglugerðarinnar og Seðlabanka Íslands falið að setja reglur um nánari framkvæmd SFDR-reglugerðarinnar sbr. 8. gr. laganna og reglur um framkvæmd mála sem ljúka með sátt, sbr. 6. gr. laganna.

Um er að ræða nýja heildarlöggjöf um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar.

SFDR-reglugerðin mælir fyrir um samræmdar reglur fyrir aðila á fjármálamarkaði og fjármálaráðgjafa, eins og þeir eru skilgreindir í 2. gr. reglugerðarinnar¹, um þær

¹ *Aðili á fjármálamarkaði*: Vátryggingafélag sem veitir vátryggingatengda fjárfestingarafurð (IBIP), verðbréfafyrirtæki sem veitir þjónustu á sviði stýringar eignasafns, stofnun um starfstengdan lífeyri (IORP), framleiðandi lífeyrisafurðar, rekstraraðili sérhæfðra sjóða (AIFM), seljandi samevrópskrar séreignarafurðar (PEPP), rekstraraðili viðurkennds áhættufjármagnssjóðs sem er skráður í samræmi við 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 345/2013, rekstraraðili viðurkennds, félagslegs framtakssjóðs sem er skráður í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 346/2013, rekstraraðili verðbréfasjóðs (rekstrarfélag UCITS) eða lánastofnun sem veitir þjónustu á sviði stýringar eignasafns.

Fjármálaráðgjafi: Vátryggingamiðlari sem veitir vátryggingaráðgjöf að því er varðar vátryggingatengdar fjárfestingarafurðir, vátryggingafélag sem veitir vátryggingaráðgjöf að því er varðar vátryggingatengdar fjárfestingarafurðir, lánastofnun sem veitir fjárfestingarráðgjöf, verðbréfafyrirtæki sem veitir fjárfestingarráðgjöf, rekstraraðili sérhæfðra sjóða sem veitir fjárfestingarráðgjöf í samræmi við i. lið b-liðar 4. mgr. 6. gr. Tilskipunar 2011/61/ESB eða rekstrarfélag verðbréfasjóðs sem veitir fjárfestingarráðgjöf í samræmi við i. lið b-liðar 3. mgr. 6. gr. tilskipunar 2009/65/EB.

Auk aðila sem taldir eru upp í 1. mgr. 1. gr. laganna gildir 8. gr. Taxonomy-reglugerðarinnar um fyrirtæki sem falla undir a- og c-i-lið 9. tölul. og d-lið 11. tölul. 2. gr. laga um ársreikninga, nr. 3/2006, og er skylt að birta skýrslu yfir ófjárhagsleg atriði eða samstæðuskýrslu yfir ófjárhagslegar upplýsingar skv. 66. gr. d sömu laga.

upplýsingar sem þeim ber að birta fjárfestum með viðeigandi hætti um sjálfbærnitengd áhrif fjármálaafurða. Reglugerðin leggur skyldur á herðar aðila á fjármálamarkaði og fjármálaráðgjafa að skjalfesta og birta opinberlega upplýsingar um það hvernig áhætta tengd sjálfbærni er felld inn í fjárfestingarákvarðanir og ráðgjöf og hvort, og þá hvernig, tekið er tillit til skaðlegra áhrifa á sjálfbærni. Upplýsingarnar eiga að gera endanlegum fjárfestum kleift að taka upplýstari fjárfestingarákvarðanir og eiga því að vera hluti af þeirri upplýsingagjöf sem veitt er fjárfestum áður en samningur er gerður. Þá gilda ákvæði 3. – 5. gr. SFDR-reglugerðarinnar jafnframt um lífeyrissjóði sem bjóða upp á lágmarkstryggingavernd í skilningi laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Taxonomy-reglugerðin kveður á um samræmdan ramma sem stuðlar að sjálfbærum fjárfestingum. Með reglugerðinni er komið á fót flokkunarkerfi með skilgreiningum á því hvað teljist sjálfbær atvinnustarfsemi. Flokkunarkerfinu er ætlað að auka gagnsæi með tengdri upplýsingagjöf markaðsaðila og stórra fyrirtækja og hjálpa fjárfestum og fyrirtækjum að átta sig á því hversu sjálfbær tiltekin atvinnustarfsemi er svo þeim sé kleift að taka upplýstar fjárfestingarákvarðanir með sjálfbærni að leiðarljósi. Flokkunarkerfinu er jafnframt ætlað að sporna við svokölluðum „grænþvotti“, sem lýsir sér í því að tiltekin atvinnustarfsemi eða fjárfestingarafurð er markaðssett sem sjálfbær án þess að vera það.

Með lögnum eru jafnframt gerðar breytingar á lögum nr. 30/2004 um váttryggingasamninga og lögum nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga. Breytingarnar innleiða sjálfbærniþætti í tilteknar skipulagskröfur og aðrar skyldur aðila sem falla undir framangreind lög. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin (ESMA) hefur gefið út endurskoðaðar viðmiðunarreglur um mat á hæfi (vegna veitingar fjárfestingarráðgjafar eða eignastýringarþjónustu) og um vörupróun og dreifingu sem fela í sér viðbætur um sjálfbærniþætti. Seðlabankinn mun senda dreifibréf vegna þess á næstunni.²

Líkt og rakið er í inngangi þessa dreifibréfs er ráðherra skv. 8. gr. laganna falin setning reglugerðar um nánari framkvæmd Taxonomy-reglugerðarinnar. Hefur ráðherra sett reglugerð nr. [590/2023](#) um tæknileg matsviðmið til að ákvarða við hvaða skilyrði atvinnustarfsemi telst stuðla verulega að mótvægi við loftslagsbreytingar eða aðlögun að loftslagsbreytingum og til að ákvarða hvort þessi atvinnustarfsemi veldur umtalsverðu tjóni á einhverjum öðrum almennum umhverfismarkmiðum. Með reglugerðinni öðlast reglugerð framkvæmdastjórnarinnar ([ESB](#)) [2021/2139](#) gildi hér á landi. Þá er vakin athygli á að sett hefur verið reglugerð nr. [644/2023](#) um innihald og framsetningu upplýsinga um umhverfislega sjálfbæra atvinnustarfsemi sem tilteknir aðilar þurfa að birta samkvæmt 128. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006 sem innleiðir ákvæði

² Seðlabankinn vekur athygli á því að markaðsaðilar og aðrir haghafar hafa tækifæri til 15. september 2023 til [að koma upplýsingum og sjónarmiðum á framfæri við ESMA](#) um beitingu reglna um mat á hæfi og vörupróun og dreifingu hvað varðar sjálfbærniþætti. Seðlabankinn hvetur aðila að láta sig málið varða.

tilskipunar 2013/34/ESB. Með reglugerðinni öðlast reglugerð framkvæmdastjórnarinnar ([ESB\) 2021/2178](#) gildi hér á landi.

Þá er Seðlabanka Íslands falið að setja reglur um nánari framkvæmd SFDR-reglugerðarinnar, svo sem nánar er útlistað í 2. mgr. 8. gr. laganna. Er þar um að ræða innleiðingu á tæknilegum eftirlitsstöðlum sem settir eru fram í framseldri reglugerð (ESB) 2022/1288 sem síðar var breytt með framseldri reglugerð (ESB) 2023/363. Framangreindar reglugerðir hafa ekki verið innleiddar hér á landi.

Seðlabankinn beinir því til aðila á fjármálamarkaði, fjármálaráðgjafa, lífeyrissjóða sem bjóða upp á lágmarkstryggingavernd og annarra aðila að kynna sér með hvaða hætti lögin snertir starfsemi þeirra.

Sjálfbær fjármál eru ein af fjórum [stefnumarkandi áherslum](#) við framkvæmd fjármálaeftirlits árin 2022 – 2024. Áhersla fjármálaeftirlitsins við eftirlit með reglugerðunum fyrsta árið frá gildistöku laganna mun snúa að því hvernig eftirlitsskyldir aðilar uppfylla ýmis ákvæði SFDR reglugerðarinnar, t.a.m. um gagnsæi í tengslum við það hvernig áhætta tengd sjálfbærni snertir ákvarðanatöku, innra skipulag eftirlitsskyldra aðila og stefnur þeirra.

Til að byrja með mega aðilar, sem falla undir gildissvið ofangreindra reglugerða og eftirlit fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands, eiga von á því að fjármálaeftirlitið muni óska eftir upplýsingum um hvernig aðilar uppfylli tiltekin ákvæði reglugerðanna. Fjármálaeftirlitið horfir fyrsta kastið m.a. til 3. gr. SFDR-reglugerðarinnar en í framhaldinu mega aðilar gera ráð fyrir að fjármálaeftirlitið fari í frekari athuganir tengdum öðrum ákvæðum reglugerðanna. Þrátt fyrir framangreinda nálgun um framkvæmd eftirlits fyrst eftir gildistöku laganna, mun fjármálaeftirlitið engu að síður bregðast við verði það þess áskynja að eftirlitsskyldur aðili hafi brotið eða sé talinn brjóta í bága við ákvæði laganna. Bent er á að hægt er að senda fyrirspurnir á sfdr@sedlabanki.is.

Virðingarfyllt,

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Linda Kolbrún Björgvinsdóttir
framkvæmdastjóri
háttsemiseftirlit

Þröstur Bergmann
verkefnastjóri
háttsemiseftirlit

